

Brunamálastofnun ríkisins skal setja nánari reglur um hlífðarfatnað. Sveitarstjórn skal setja nánari reglur um einkennisfatnað.

7. gr.

Slökkviliðsmenn skulu njóta sömu verndar og aðstöðu og aðrir þeir er gegna borgaralegri skyldu og skulu þeir tryggðir í starfi í samræmi við áhættu starfsins.

Ekki má á nokkurn hátt tálma því að slökkviliðsmenn geti sinnt starfi sínu.

8. gr.

Við lífshættuleg skilyrði skal slökkviliðsmaður ávallt geta þess að stofna hvorki eigin lífi né annarra berlega í tvísýnu.

9. gr.

Slökkviliðsmönnum er skylt að gæta þagmælsku um atriði, sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum og eðli máls. Þagnarskylda helst þó þeir láti af störfum.

10. gr.

Um réttindi og skyldur slökkviliðsmanna fer að öðru leyti eftir II. kafla laga nr. 74/1982, um brunavarnir og brunamál, og samþykktum um slökkvilið á hverjum stað, eftir því sem við á. Leita skal umsagnar Landssambands slökkviliðsmanna um samþykktir er geta varðað hagsmuni slökkviliðsmanna.

11. gr.

Um viðurlög vegna brota á reglugerð þessari fer eftir lögum nr. 74/1982, um brunavarnir og brunamál, og eftir því sem við á samkvæmt lögum nr. 38/1954, um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna.

12. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt e. lið 1. mgr. 3. gr. laga nr. 74/1982 um brunavarnir og brunamál, skal þegar öðlast gildi.

Félagsmálaráðuneytið, 19. apríl 1991.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Pórhildur Línadal.

REGLUGERÐ

um Mengunarvarnarsjóð.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Mengunarvarnarsjóður.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður í samræmi við ákvæði 32. gr. laga nr. 32, 5. maí 1986 um varnir gegn mengun sjávar.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að stuðla að fræðslu og annarri fyrirbyggjandi starfsemi til varnar mengun frá olíu, grút eða annars konar mengun sjávar, einkum á hafnarsvæðum.

4. gr.

Tekjur sjóðsins eru:

1. Sektor, skv. 29. gr. laga nr. 32, 5. maí 1986.
2. Dagsektor, sbr. 33. gr. sömu laga og mega þær nema allt að kr. 50 000 á dag.
3. Vaxtatekjur.
4. Aðrar tekjur, sem til kunna að falla.

5. gr.

Hafnarstjórar og lögreglustjórar sem innheimta sektir samkvæmt 4. gr. skulu standa sjóðstjórn skv. 6. gr. skil á þeim jafnóðum og innheimtar eru.

6. gr.

Stjórn sjóðsins skipa þrír menn: Siglingamálastjóri, sem er formaður og tveir menn, sem umhverfisráðherra skipar, annan samkvæmt tilnefningu Hafnasambands sveitarfélaga, en hinn án tilnefningar.

Skipunartími er fjögur ár.

Siglingamálastofnun ríkisins annast skrifstofuhald fyrir stjórn sjóðsins.

7. gr.

Stjórn sjóðsins veitir árlega styrki úr sjóðnum í samræmi við ákvæði 3. gr. og skal stefnt að því, að úthlutun sé lokið eigi síðar en um 31. mars ár hvert.

Umsóknir um styrki skulu sendar á eyðublöðum, er stjórnin lætur útbúa.

Stjórnin auglýsir árlega í Lögbirtingablaði eftir umsóknum um styrki úr sjóðnum.

8. gr.

Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af tveimur mönnum, sem skipaðir eru af ráðherra til tveggja ára í senn.

Skal stjórnin leggja endurskoðaða reikninga fyrra almanaksárs fyrir umhverfisráðherra eigi síðan en 15. apríl árið eftir.

9. gr.

Umhverfisráðherra er heimilt að setja nánari reglur um framkvæmd sektargerða skv. 29. gr. laga nr. 32, 5. maí 1986.

Þá getur hann sett sjóðstjórn skv. 6. gr. sérstakar starfsreglur.

10. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er, skv. lögum nr. 32, 5. maí 1986, sbr. lögum nr. 37, 16. maí 1990 öðlast gildi þegar í stað.

Umhverfisráðuneytið, 23. apríl 1991.

Júlíus Sólnes.

Páll Línal.

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Nemendagarða Hólaskóla.

Bændaskólinn á Hólum, Nemendafélag Hólaskóla og Starfsmannafélag Hólaskóla hafa ákveðið að koma á fót stofnun, til að standa að byggingu og rekstri félagslegra leiguíbúða fyrir nemendur Bændaskólans á Hólum. Í framhaldi af því settu þessir aðilar stofnuninni eftirfarandi skipulagsskrá: